



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 3. september 2024

USK24010001

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að innan Reykjavíkurborgar megi ekki leggja ökutæki að hluta eða í heild fyrir framan djúpgáma eða grenndargáma. Með djúpgámi er átt við neðanjarðar sorpgeymslu þar sem sá hluti gámsins sem úrgangur safnast fyrir í er neðanjarðar en á yfirborði er lúga sem notendur nota til að losa sig við úrgang. Með grenndargámi er átt við gám, getur verið djúpgámur, fyrir flokkaðan úrgang sem ætlaður er til notkunar fyrir almenning.

Um er að ræða stöðubann sem ekki er bundið við ákveðinn vegarkafla, í samræmi við a. lið 1. mgr. sbr. 4. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Gjaldheimild vegna brota á slíku banni er að finna í d. lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga.

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur neðanjarðar sorpgámum, þ.e. djúpgámum, og miðlægum móttökustöðvum einfalds úrgangs, þ.e. grenndargámum, verið fjölgað talsvert innan borgarmarka Reykjavíkur og gert er ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram. Nauðsynlegt er að tryggja aðgengi sorphirðubíla að djúp- og grenndargámunum svo að unnt sé að tæma þá. Hvorki er talið æskilegt né nauðsynlegt að merkja sérstakt stöðubann við hvern gám, heldur að æskilegra sé að mæla fyrir um almennt bann við því að leggja við við djúp- og grenndargáma innan sveitarfélagsins, sambærilegu lögmæltum stöðubönnum við innkeyrslur og við vatnshana slökkviliðs.

Þessi tillaga er byggð á því ákvæði 84. gr. núgildandi umferðarlaga, nr. 77/2019, sem heimilar veghaldara að taka ákvörðun um stöðubann sem ekki er bundið við ákveðinn vegarkafla, án þess að setja upp umferðarmerki til að gefa bannið til kynna. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga, getur veghaldari kveðið á um varanleg sérákvæði um stöðvun og lagningu ökutækja, að höfðu samráði við sveitarstjórn og að fengnu samþykki lögreglu. Um birtingu slíkra varanlegra sérákvæða er fjallað í 4. mgr. sömu greinar, en þar segir:

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal veghaldari gefa til kynna með umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í tilviki gangbrauta. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, skal birta á vefsetri Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti.



Reykjavík



Orðalag um birtingu ákvarðana um stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, er hið sama og í 4. mgr. 81. gr. brotfallinna umferðarlaga nr. 50/1987. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1987, þjsk. 123, 109. lögþ. 1986-87, bls. 55, segir:

4. mgr. er nýmæli. Ákvarðanir sem fela í sér sérákvæði um umferð skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórnir umferð. Er ekki talin þörf á að mæla fyrir um að slíkar ákvarðanir skuli auglýstar. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, heldur t.d. bæjarhluta eða byggðarlag, er hins vegar talið nægilegt að birta með opinberri auglýsingu, og er þá ekki þörf umferðarmerkja.

Í d. lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, segir að leggja megi gjald á vegna brota á banni við stöðvun eða lagningu ökutækis sem sett er skv. 84. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki. Lögreglan og bílastæðasjóður hafa heimild til að leggja á gjöld skv. þessari grein.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hafa óskað eftir, bæði í samtali við innviðaráðuneytið sem og í umsögn um breytingu á umferðarlögum, að sett verði í umferðarlög ákvæði um bann við djúp- og grenndargáma sem þá gildi fyrir landið allt með sama hætti og til dæmis bann við því að leggja fyrir innkeyrslu að húsi en við því hefur ekki verið orðið.

Í samræmi við ofangreint er birting ákvörðunar um stöðubann, sem ekki er bundið við ákveðinn vegarkafla, í B-deild Stjórnartíðinda, á heimasíðu og samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar, og með fréttatilkynningu til fjölmiðla, talinn tryggur háttur í skilningi 4. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Í samræmi við ákvæðið, athugasemdir í greinargerð og d. lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga, er ekki talin þörf á að setja upp umferðarmerki til að auglýsa slík stöðubönn, en eftir atvikum kunni þó að vera rétt að áréttta þau með yfirborðsmerkingum á viðkomandi stað.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Samþykki lögreglu dags. 3. september 2024



RE_ Sérákvæði - djúpgámar

Búið til	3.9.2024 10:34:50
Höfundur	Natan Freyr Guðmundsson
Móttekið dags.	3.9.2024 10:31:31
Tilheyrir	USK24010001 - Sérákvæði um notkun vega 2024

Efni

RE_ Sérákvæði - djúpgámar

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	3.9.2024 10:31:31	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	09.07.01 Umferðaröryggi		
Lykilorð	umferðarmál		

Þátttakendur

Frá	Guðbrandur Sigurðsson (gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)
Til	Natan.Freyr.Gudmundsson@reykjavik.is, arni.fridleifsson@lrh.is, lrh@lrh.is
Cc	Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is, Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is

Innihald

Sæll Natan.

Samþykkt án athugasemda en leggjum áherslu á að ekki fari á milli mála hvað eru djúpgámar og hvar þeir eru!

Gott væri að auglýsa slíkt bann líka í fjölmiðlum með góðum myndum af djúpgámum eða djúpgáma svæði.

Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlöggluþjónn

Umferðardeild

gudbrandur.sigurdsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115


105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Natan Freyr Guðmundsson

<Natan.Freyr.Gudmundsson@reykjavik.is>

Sent: 03.09.2024 08:50

To: Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>

Subject: Sérákvæði - djúpgámar

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kv.



Natan Freyr Guðmundsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.